

Greinargerð um Skaftfell

Unnin af Hönnu Christel Sigurkarlsdóttur og Juliu Martin



Skaftfell

MYNDLISTARMIDSTÖÐ AUSTURLANDS
CENTER FOR VISUAL ART

Inngangur

Í rúma tvo áratugi hefur uppbyggingarstarf Skaftfells átt sér stað. Stofnun miðstöðvarinnar var á sínum tíma samfélagsátak og frumkvæðisvinna af hálfu nokkurra einstaklinga og hefur starfsemin síðan þá vaxið og dafnað við góðan orðstír jafnt utan sem innanlands. Þess má geta að Skaftfell hlaut Eyrarrósina árið 2013.

Kjarnaverkefni Skaftfells eru:

- sýningarhald með upprennandi og alþjóðlegum listamönnum
- fræðslustarf fyrir börn og fullorðna
- rekstur gestavinnustofa fyrir alþjóðlega listamenn

Miðstöðin þjónar sem vettvangur fyrir listamenn, jafnt heimamenn sem og lengra að komna, til að hittast, skiptast á hugmyndum, taka þátt í skapandi samræðum, verða fyrir áhrifum hvert af öðru og umhverfinu. Starfsemin eykur aðgengi Austfirðinga að vandaðri samtímalist, stuðlar að dýpri þekkingu og eykur skilning á hlutverki myndlistar í samtímanum ásamt að skapa örvandi vinnuumhverfi fyrir listamenn. Með því að bjóða upp á vandaða myndlist og veita aðgang að ferskri og framandi hugsun eykur tilvist Skaftfells lífsgæði og velsæld í fjórðungnum.

Stjórnun og umsýsla

Í Skaftfelli starfa að jafnaði þrjú starfsmenn í 1.8-2.0 stöðugildum.

Starfsmannahald 2020:

- Gavin Morrison, forstöðumaður, 0.6 starfshlutfall jan-júlí. Gavin lét af störfum 31. júlí 2020.
- Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, fræðslufulltrúi, 0.6 starfshlutfall jan-júlí, 0.7 starfshlutfall ágúst-deseember (0.4 sem forstöðukona og 0.3 sem fræðslufulltrúi)
- Julia Martin, gestavinnustofufulltrúi, 0.6 starfshlutfall jan-júlí, 0.7 starfshlutfall ágúst-deseember (0.4 sem forstöðukona og 0.3 sem gestavinnustofufulltrúi)
- Unnur Birna Backman Jónsdóttir, sumarstarfsmaður í móttöku frá 20. júní til 20. ágúst

Gavin lét af störfum 31. júlí og ákvað stjórn Skaftfells að fela Hönnu Christel og Julíu Martin forstöðu sem þær skipta á milli sín og sinna að auki fyrri verkefnastjórstöðum sínum og eru því stöðugildin frá 1. ágúst - 31. desember samanlagt 1.4. Ráðning þeirra er tímabundin til 2022.

Stjórn Skaftfells

Tilnefnt er í stjórn á þriggja ára fresti og tilnefningaraðilar eru samkvæmt skipulagsskrá: hjónin Garðar Eymundsson og Karólína Þorsteinsdóttir (eða börn þeirra hjóna) tilnefni einn, bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar tilnefnir einn, Bandalag Íslenskra listamanna tilnefnir einn og svokallaður Skaftfellshópur tilnefnir tvo stjórnarmenn. Ný stjórn hefur verið mynduð og tók til starfa 1. ágúst 2020.

Stjórn Skaftfells fram til 31. júlí 2020:

Auður Jörundsdóttir. Varamaður Gunnhildur Hauksdóttir

Anna Eyjólfsdóttir. Varamaður Erling Jóhannsson

Jökull Snær Þórðarson. Varamaður Júlíana Björk Garðarsdóttir

Fríða Björk Ingvarsdóttir. Varamaður Markús Þór Andrésdóttir

Oddný Björk Daniélsdóttir. Varamaður Hildur Þórisdóttir

Ný stjórn frá 1. ágúst 2020 -2023:

Anna Eyjólfsdóttir. Varamaður Erling Jóhannsson.

Garðar Þórðarson. Varamaður Jökull Snær Þórðarson.

Nína Magnúsdóttir. Varamaður Markús Þór Andrésdóttir.

Oddný Björk Daniélsdóttir. Varamaður Hildur Þórisdóttir.

Tumi Magnússon. Varamaður Gunnhildur Hauksdóttir.

Listræn stjórn

Í byrjun árs 2017 tók formlega til starfa fagráð innan Skaftfells sem markar listræna stefnu og grundvallarforsendur varðandi sýningarhald, gestavinnustofur og fræðslustarfsemi. Fagráðið er skipað af SÍM, LHÍ og Listfræðifélagið Íslands. Í ráðinu sitja: Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, Karína Hanney Marrero og Magnús Helgason.

Ný listræn stjórn verður mynduð í lok árs 2020 og tekur til starfa 2021.



Sýningarhald

Sýningarsalur Skaftfells var tekinn í notkun árið 1999. Hann er 155 fermetra og er staðsettur á 2. hæð í húsnæði miðstöðvarinnar að Austurvegi 42. Nánast frá byrjun hefur verið ötult sýningarhald allan ársins hring en salurinn hefur hýst yfir 70 sýningar. Sýningarstefna hefur ávallt verið ákvörðuð af teymi og í dag er starfrækt fagráð sem markar listræna stefnu og grundvallarforsendur fyrir öllu listrænu starfi. Fagráðið er skipað af Sambandi íslenskra myndlistarmanna, Listaháskóla Íslands og Listfræðifélagi Íslands. Í núverandi ráði sitja Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, Magnús Helgason og Karina Hanney til tveggja ára. Nýtt fagráð verður tilnefnt veturinn 2020.

Skaftfell hefur undanfarin ár byggt upp gott orðspor sem faglegur sýningarstaður með ákveðnar gæðakröfur sem stuðla að framþróun greinarinnar. Listamenn fá greitt fyrir að setja upp og sýna samkvæmt framlagssamningi SÍM (Samband íslenskra myndlistarmanna), sem stuðlar að atvinnuuppbyggingu í faginu á landsvísu og aðgreinir áhugamenn frá fagmönnum.

Sýningarhald er öflugt og fjölbreytt með áherslu á vandaða blöndu af framsækinni samtímalist og hefðbundnari listsýningum bæði eftir upprennandi og leiðandi alþjóðlega listamenn.

Ennfremur hefur miðstöðin verið þátttakandi í mörgum erlendum samstarfsverkefnum þar sem listræn þekkingarsköpun og rannsóknarvinna er höfð að leiðarljósi. Stærsta verkefnið sem Skaftfell hefur verið aðili að er Frontiers in Retreat sem var styrkt af ESB, en einnig má nefna Climbing Invisible Structures og Frontiers of Solitude sem voru styrkt af EEA.



Listamenn sem hafa sýnt í Skaftfell eru meðal annars:

Dieter Roth, Björn Roth, Bernd Koberling, Henriette Van Egten, Rúna Þorkelsdóttir, Kristján Guðmundsson, Sigurður Guðmundsson, Rúri, Tumi Magnússon, Roman Signer, Birgir Andrésson, Georg Guðni, Jón Óskar, Hulda Hákon, Steingrímur Eyfjörð, Sirra Sigrún Sigurðardóttir, Gabriela Friðriksdóttir, Davíð Örn Halldórsson, Anna Lindal, Haraldur Jónsson, Unnar Örn, Kristján Steingrímur, Ráðhildur Ingadóttir, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Ragnar Kjartansson, Ingólfur Árnarsson, Eygló Harðardóttir, Margrét H. Blöndal, Cheryl Donegan, Ingibjörg Sigurjónsdóttir

Helstu verkefni í sýningarhaldi eru að:

- þróa og skipuleggja sýningardagskrá í samstarfi við fagrað, um 4-5 sýningar árlega
- undirbúa, skipuleggja og fjármagna sýningar
- vera í nánum samskiptum við sýnendur, sýningarstjóra og samstarfsaðila
- halda vel utan um kynningarmál sýninga og viðburða, fyrir heimamenn og erlenda gesti
- bjóða upp á fjölbreytta viðburði í samstarfi við gestalistamenn, s.s. ; opnar vinnustofur, listamannaspjall, fyrirlestra, listviðburði o.s.frv.
- taka þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum í samstarfi við erlenda fagaðila



Fræðslustarfsemi

Fræðslustarfsemi fyrir börn og fullorðna byggist á listrænum áherslum sem eru þróaðar í samtali við fagrað og ýmsa samstarfsaðila. Markmiðið er að auka þekkingu, efla sjálfsmynd og víkka heimsmynd barna og ungmenna á Austurlandi með því að kynna fyrir þeim tjáningu, gagnrýna hugsun og þá samfélagsrýni sem býr að baki listum. Þessi þáttur starfseminnar býr yfir

5

mörgum sóknarfærum og eru ýmsar leiðir færar til að efla listgreinamenntun á Austurlandi. Fræðslu er miðlað í formi fyrirlestra, leiðsagna, námskeiða eða fræðsluverkefna og er mikilvæg tenging miðstöðvarinnar við íbúa Austurlands.

Síðustu ár hafa verið framleidd 11 listfræðsluverkefni sérstaklega hönnuð fyrir grunnskólanemendur á Austurlandi. Á Austurlandi eru starfandi 12 grunnskólar og margir þeirra mjög litlir. Skólarnir hafa ekki allir yfir fagmenntuðum myndmenntakennurum að ráða og það vill bera við að hlutur samtímalista og fræðilegrar nálgunar við myndlist sé lítill eða enginn. Því var tekin sú stefna innan Skaftfells að vinna að verkefnum sem bættu þetta upp að einhverju leyti. Á hverju ári taka um 200 nemendur á miðstigi þátt í verkefninu.

Listfræðsluverkefni fyrir alla grunnskóla Austurlands

2007 „Íslensk myndlist: hundrað ár í hnotskurn“, sýning og fræðsluverkefni í samstarfi við Listasafn Íslands
2008 „Fræðakistillinn“, farandverkefni í samstarfi við Tækniminjasafn Austurlands
2009 „Hugmyndavinna og endurvinnsla í myndlist og sköpun“, farandvinnusmiðja
2010 „Annar hvern dag, á öðrum stað“, sýning og fræðsluverkefni í samstarfi við Listaháskóla Íslands
2013 „Mynd- og tungumál Dieters Roth“, sýning og fræðsluverkefni í samstarfi við Nýlistasafnið
2014 „Stafrænt handverk“, farandverkefni í samstarfi við RoShamBo
2015 „Skynjunarstofa um liti og form“, farandlistsmiðja í samstarfi við Listasafn Íslands
2016 „Munnleg geymd og kortlagning minninga“, farandlistsmiðja í samstarfi við List fyrir alla
2017 „Landslag og hljóðmyndir“, hljóðsmiðja í Tvísöng
2018 „Nína og Gunnlaugur – Alls konar landslag“, listsmiðja í samstarfi við List fyrir alla
2019 „Íslensk alþýðulist“, farandverkefni í samstarfi við Guðrúnu Hrönn Ragnarsdóttur



Samstarf með LHÍ

Skaftfell hefur átt samstarf með Listaháskóla Íslands frá 2001, annars vegar í tengslum við námskeiðið Vinnustofan Seyðisfjörður (til 2018) og hins vegar Prentvinnustofan (frá 2020) þar sem hópur útskriftarnema í myndlistadeild koma og dvelja og vinna í tvær vikur og enda með að setja upp sýningu á verkum sínum. Alls hafa 203 nemendur frá LHÍ komið á fyrrnefnd námskeið.

Fræðsludeildin hefur einnig þróað og skipulagt þematengdar vinnustofur undir nafninu Printing Matter og Wanderlust fyrir gestalistamenn.

BRAS - Menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi

BRAS hóf göngu sína haustið 2017 og hefur fræðslufulltrúi Skaftfells setið í verkefnastjórn frá upphafi og tekið þátt í mótun og skipulagningu hátíðarinnar.



Helstu verkefni fræðsludeildarinnar eru:

- þróun og framleiðsla listfræðsluverkefna sem eru sérsniðin að grunnskólanemum Austurlands
- samstarf með Listaháskóla Íslands - Skipulag og ut anumhald á námskeiðum fyrir útskriftarárgang myndlistadeildar
- skipulagning og þróun BRAS – menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi
- skipulagning og ut anumhald á listsmiðjum fyrir börn og ungmenni
- skipulagning og ut anumhald á námskeiðum fyrir almenning og listamenn
- þróun nýrra þematengdra gestavinnurstofa
- miðlun starfsemis fræðsludeildar

Gestavinnustofur

Erlendir listamenn hafa lengi heimsótt Ísland og hefur einstakt landslag og samfélag verið viðfangsefni margra þeirra. Aðrir koma til að njóta náttúrunnar, tengjast núinu og fá innsýn í lítil samfélög. Frá byrjun var ljóst að bjóða þyrfti upp á gistingu í Skaftfell til að geta stuðlað að viðgangi myndlistar. Mjög fljótlega þróaðist og útvíkkaðist þessi starfsemi í það form sem hún er í dag. U.p.b. 25 alþjóðlegir gestalistamenn dvelja árlega til að sinna listrænu rannsóknarstarfi. Þessi hlið starfseminnar býr yfir mörgum sóknarfærum í ljósi þess hve vel hefur gengið að byggja upp gott alþjóðlegt orðspor og samstarf.

Tilgangur gestavinnustofa Skaftfells er að styðja við sköpunarferli listamanna og veita þeim rými og tíma til að vinna að eigin listsköpun gegn lágmarks dvalargjaldi. Listamennirnir stýra sjálfir ferlinu og á meðan á dvöl þeirra stendur býðst þeim stuðningur og ráðgjöf frá starfsfólki. Gestalistamenn taka þátt í starfsemi Skaftfells að mjög mörgu leyti bæði í tengslum við fræðslustarf og opinberra viðburða s.s. opnum vinnustofum, listmannaspjall, sýningar og vinnustofur. T.a.m. voru haldnir 16 viðburðir í tengslum við gestalistamenn Skaftfells í fyrra. Þeir eru tenging miðstöðvarinnar til alþjóðlega listsamfélagsins og mikilvæg auðlind þegar kemur að miðlun þekkingar.

Í samvinnu með fræðsludeildinni hafa verið haldnar þematengdar gestavinnustofur: Printing Matter undir leiðsögn Åse Eg Jørgensen og Litten Nystrøm og Wanderlust undir leiðsögn Jessicu Auer. Samanlagt hafa 35 alþjóðlegir listamenn sótt þematengdu gestavinnustofur Skaftfells frá 2017.

Undanfarin ár hefur gestavinnustofudeild Skaftfells tekið þátt í þróun alþjóðlegra rannsóknar- og sýningaverkefna sem hefur m.a. falið í sér þátttöku listamanna á milli landa og þeirra stofnanna sem taka þátt. Íslenskir listamenn hafa þá fengið tækifæri til að vinna erlendis og á móti komu erlendir listamenn og dvöldu í og unnu í Skaftfelli. Það er metnaður Skaftfells að halda áfram að taka þátt í slíkum alþjóðlegum rannsóknarverkefnum þar sem fara fram mikilvæg þekkingar og hugmyndaskipti.



Alþjóðleg samstarfsverkefni

2011-2012	„Baltic-Nordic Network of Remote Art & Residency Centres” - tengslanet og þekkingarskipti í samstarfi við átta gestavinnustofur
2013-2017	„Frontiers in Retreat” - rannsóknarverkefni, sýning og útgáfa í samstarfi við átta evrópskar listastofnanir og gestavinnustofur
2015-2017	„Climbing Invisible Structures” - rannsóknarverkefni og sýning í samstarfi við þrjár gestavinnustofur og sýningarstaði
2015-2016	„Artists as Agents of Institutional Exchange” - þekkingarskipti og rannsóknarverkefni samstarfi við Rúmenska listastofnun
2015-2016	„Frontiers of Solitude - rannsóknarverkefni, sýning og útgáfa í samstarfi við þrjár gestavinnustofur og sýningarstaði
2016-2017	„Transfer North” - tengslanet og þekkingarskipti í samstarfi við 16 listastofnanir og gestavinnustofur

Skaftfell hefur hlotið styrk frá Norrænu menningargáttinni alls sjö sinnum síðustu ár og verið í samstarfi við Goethe-institut Dänemark (á tímabilinu 2014-2018). Í báðum tilfellum er um að ræða dvalar- og ferðastyrki til listamanna af ákveðnum þjóðernum. Árið 2021 mun Skaftfell aftur hljóta þrjá 2 mánaða styrki fyrir listamenn frá Norður- eða baltnesku löndunum. Styrkurinn felur í sér dvalargjald, upphald og framleiðslukostnað á listaverki sem unnið er á meðan á dvöl stendur.

Helstu verkefni innan gestavinnustofa eru að:

- vera í reglulegum samskiptum við væntanlega listamenn til að undirbúa dvöl þeirra og aðstoða við þróun verkefna
- taka á móti gestalistamönnum, liðsinna þeim við að koma sér fyrir í nýju umhverfi, veita ráðgjöf og stuðning
- móta umgjörð gestavinnustofa á ársgrundvelli, stýra umsóknarferli og aðstoða fagrað við val á listamönnum
- vera í samskiptum við erlenda styrktaraðila
- undirbúa þematengdar gestavinnustofur: Printing Matter og Wanderlust
- skipuleggja opinbera viðburði yfir árið, sem miðla viðfangsefni listamanna
- miðla starfsemi gestavinnustofa alþjóðlega

Húsnæðisviðgerðir

Skaftfell hefur gengið í gegnum miklar endurbætur frá 1997 með stuðningi úr Ríkissjóði og opinberum sjóðum, en fasteignin var í afar slæmu ástandi þegar framkvæmdir hófust. Sýningarsalurinn á 2. hæð var opnaður 1999 en veitingasala á jarðhæð og listamannaíbúð á 3. hæð voru tekin í notkun 2001. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og á hverju ári hafa farið fram einhversskonar endurbætur, allt frá að handsníða glugga yfir í að dýpka gólfið á jarðhæð til að búa til löglega lofthæð. Endurbætur voru gerðar á gluggum hússins og á árunum 2009-2016 og voru allir gluggar í húsinu lagfærðir, með styrk frá Húsafriðunarnefnd. Þessa endurbætur hafa bæði bætt útlit hússins og lækkað hitunarkostnað. Hins vegar er ljóst að brýnt er að fara í margs konar viðhaldsaðgerðir bæði utan húss og innan.

Til stendur að dreina suðurhlið hússins sem veit að fjallshlíðinni til að koma í veg fyrir vatnsleka á jarðhæð. Jarðhæð Skaftfells er steinsteypt. Öll suðurhliðin er óútgrafinn kjallari, um 2 m á breidd. Í leysingum síðustu þrjú ár hefur vatn safnast saman í suðvestur horni í þessu rými og nokkrum sinnum hefur myndast dágóður pollur. Í kjölfarið hefur vatnið fundið sér farveg í gegnum steypuna, á a.m.k tveimur stöðum, og byrjað að leka inn í húsið.

Verk- og kostnaðaráætlun liggur fyrir frá Eflu og er til peningur (1.5 milljón frá Byggðastofnun og 800 þús frá Minjastofnun) til að fara í þessa aðgerð. Sunnuholtsbræður hafa verið jákvæðir að taka að sér verkið en ekki enn gefið upp tímasetningu þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir. Náist ekki að fara í þessa framkvæmd í ár (2020) verður styrkurinn frá Minjastofnun dreginn til baka.



124. Ól- og Skaftfells Skaftfell, Gæðisráðgjafi Bjarna Sigurðssonar þjófa.



Rekstrargrundvöllur

Skaftfell sækir sér rekstrarfé úr ýmsum áttum en öll verkefni eru fjármögnuð sérstaklega. Frá 2001 hefur rekstrarfé komið í gegnum samninga á milli Skaftfells, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Menningaráðs Austurlands, sem fluttist yfir á SSA þegar ráðið var fellt niður og tengist núna Sóknaráætlun Austurlands. Upphæðin var óbreytt frá 2008-2019, 4.000.000 kr. frá Seyðisfjarðarkaupstað og sama upphæð frá SSA, í gegnum viðauka með Sóknaráætlun Austurlands kemur 3.6 milljónir á ári en SSA bætir við 400.000 kr. Samningarnir voru endurnýjaðir 2020 og hækkaði upphæðin upp í 5 milljónir frá báðum aðilum og gildir þessi samningur til 2025. Þrátt fyrir 2 milljón króna hækkun dugir þessi upphæð ekki til að starfrækja starfsemi Skaftfells og 100 ára gamalt 420 fm timburhús.

Aðrar tekjur eru leigutekjur af jarðhæð á Austurvegi 42, dvalargjöld fyrir gestavinnustofum, útseld þjónusta og vörur og 10% stjórnunarbóknun af erlendum styrkjum. Unnið hefur verið markvisst að því í mörg ár að reyna auka rekstrarfé með ýmsum leiðum, m.a. með því að taka þátt í alþjóðlegum verkefnum, finna erlenda styrkstaraðila, hækka dvalargjöld, selja bækur, fá einkaaðila að rekstrinum o.s.frv. Vel hefur gengið að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi en staðreyndin er þó sú að eingöngu 10% af erlendum styrkjum geta runnið inn í reksturinn sem stjórnunarbóknun, þar sem alþjóðlegir sjóðir gera þá kröfu í dag að stofnanir séu með tryggðan rekstrargrundvöll og þessi bóknun á einungis að mæta auknu álagi vegna verkefnisins. Meðaltal veltu undanfarin fimm ár nemur rétt rúmlega 30 milljónum.

Sökum smæðar kaupstaðarins hefur ekki verið hægt að auka stuðninginn við miðstöðina. Fyrir árin 2015, 2016, 2018 og 2019 sótti miðstöðin um og fékk fjármagn beint af fjárlögum en árið 2017 fékk miðstöðin sérstakt tímabundið framlag frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Vegna Covid-19 drógust saman leigutekjur af jarðhæð milli ára en leigan er veltutengd starfseminni sem er veitingarstaður. Leigan er þó bundin lágmarksfjárhæð á ársgrundvelli. Einnig þurfti að afboða þematengda gestavinnustofu sem áætluð var í júní sl. og fleiri viðburði.

Þess má geta að launakostnaður hækkaði um rúmlega 10% nýverið vegna nýrra kjarasamninga á milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fræðagarðs sem hafði í för með sér afturvirkar launahækkanir og almenna hækkun á launakostnaði. Gert var ráð fyrir launakostnaði upp á 13,5 milljónir á árinu en mun enda í 14,5 milljónir þrátt fyrir að stöðugildi lækki úr 1.8 niður í 1.4.

Framlög af fjárlögum 2015-19

2015: 10 milljónir
2016: 10 milljónir
(2017: Viðbótarframl frá MMR 6.5 millj.)
2018: 10 milljónir
2019: 15 milljónir

Velta

2013	18.372.000
2014	21.696.132
2015	32.111.902
2016	31.300.341
2017	31.390.233
2018	34.686.336

Til að kynna starfseminni nánar er bent á ársskýrslur síðustu ára sem eru aðgengilegar hérna: <http://skaftfell.is/skaftfell/stjorn-og-arsskyrslur/>